

Nr. 19-015 S 011 Sandfell SU 75***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2841
Útgerð: Hjálmar ehf.
Smíðaður: Seigla ehf. 2014
Stærð: 29,63 bt.
Mesta lengd: 14,80 m Skráð lengd: 13,10 m
Breidd: 5,57 m Dýpt: 2,23 m
Vél: Yanmar, 485 kw, 2014.
Fjöldi skipverja: 4



Sandfell © Þorgeir Baldursson

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 24. maí 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 23. nóvember 2018 var Sandfell SU 75 við bryggju á Stöðvarfirði. Veður: SV 2 m/sek.

Skipverji var að setja beitu á færiband þegar reimin á því hætti að snúast. Hann var að reyna að koma henni af stað aftur þegar hún fór skyndilega af stað. Við það klemmdist hann á baugfingri hægri handar þannig að flipi fór fremst af fingrinum. Gert var að sárinu á Heilsugæslustöðinni á Reyðarfirði.

Við rannsókn kom fram:

- að reimin á færibandinu reyndist vera of slök;
- að færibaldið var með plastskóflum sem skipverjinn klemmdi fingurinn á;
- að skipverjinn stöðvaði ekki færibaldið áður en hann fór með hendurnar í það.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að reimin var of slök og ekki var slökkt á mótornum fyrir færibaldið.